

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 43/2000
frá 19. maí 2000

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES
nefndarinnar nr. 57/1999 frá 30. apríl 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 1999/70/EB frá 28. júní 1999 um rammamninginn um
tímabundna ráðningu sem ETUC, UNICE og CEEP hafa gert⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 32. lið (tilskipun ráðsins 96/34/EB) í XVIII. viðauka
við samninginn:

„32a. **399 L 0070:** Tilskipun ráðsins 1999/70/EB frá 28. júní 1999 um
rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem ETUC, UNICE og CEEP
hafa gert (Stjtíð. EB L 175, 10.7.1999, bls. 43), eins og hún var leiðrétt með
Stjtíð. EB L 244, 16.9.1999, bls. 64.“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 175, 10.7.1999, bls. 43.

2. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 1999/70/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Stjórnarsýsluleg skilyrði tilgreind.